

## Fundur með formönnum hestamannafélaga og nefndar LH 26.03.10

Haraldur Þórarinsson opnar fundinn og býður gesti velkomna. Stungið upp á Gunnari Sturlusyni sem fundarstjóra og Oddrúnu Ýr Sigurðardóttur sem fundarritara. Gunnar kemur upp og þakkar traustið, vonar eftir góðu samstarfi.

Haraldur fjallar um undirbúining stjórnar að vali á LM stað. HP talar um tillögu sem var samþykkt á Klaustri varðandi val á LM stað.

HP talar um að stjórн hafi viljað vanda til verka og verið að bíða eftir lokverkefni Hjörnýjar Snorradóttur sem fjallar um Landsmót og skýrslu mannvirkjanefndar. Á formannafundi LH gerði stjórн grein fyrir að töf á vali á LM stað væri vegna þessara þátta. Ekki komu fram athugasemdir við þessa málsmeðferð á formannafundinum og þótti fundinum seinkunin réttlætanleg á þessum forsendum.

Í framhaldi af ákvörðun stjórnar sem tekin var 29.desember 2009 var gengið að samningum við Fák og skrifað undir 5.mars 2010, viku seinna en áætlað var.

Deildar meininger við staðarval innan hestageirans, stjórн LH vill reyna að komast áfram og vera samstíga. Stjórн telur vönduð og heiðarleg vinnubrögð hafi verið viðhöfð við staðarval.

Engin gangrýni kom á formannafundi í haust um seinkunn á staðarvali, enginn talaði bara um 2 svæði, allir meðvitaðir um að fleiri svæði sóttu um.

HP talar um ráðstefnu sem halda á varðandi LM.

HP talar um og kynnir hugmynd að hópavinnu.

Hugmynd af þátttakendum í hópnum væri t.d. að setja í pott og draga varðandi félagsmannapáttinn þar sem tveir einstaklingar karl og kona kæmu frá hverju svæði, ræktendur, td. Einn fulltrúi frá 8 bestu ræktunarþáttum seinustu ára. Varðandi keppnisþáttinn er hugmynd um að velja foreldra tveggja keppnisknapa, gæðinga og íþróttaknapa sem og kynbótaknapa knapa ársins.

Þátttakendur fundsins taka til máls/fyrispurnir

**Ómar Diðriksson, Geysir:**

- Hefði viljað hafa fundinn með formönnum og ráðstefnuna fyrir ákvarðanatöku.
- Las upp bréf frá Rangárþökkum ehf. þar sem þeir drógu til baka umsókn sína um Landsmót 2014.
- Hafa verið haldin fjögur Landsmót á Rangárvöllum og svæðið skuldar mikinn pening.
- Finnst Landsmót ehf vera barn sins tíma og hefði ekki átt að setja á. Svæðin eiga að halda mótin sjálf.
- Ómar talar um að Mannvirkjanefnd eigi ekki að taka út svæðin eins og þau eru í dag, fyrir móti sem á að halda eftir 2 – 4 ár.

**Guðmundur Viðarsson, Sindri:**

[Type text]

- Fulltrúi eins af félögunum 26 sem skrifuðu undir mótmælin.
- Las auglýsinguna sem var send út vegna umsóknar um Landsmót 2012 og 2014. Var með umsóknir allra félaganna og bent í að Fákur skilaði ekki kostnaðaráætlun, kallaði þetta "ástarbréf" og ekki í takt við umsóknarskilyrðin sem sett voru.
- Spurði hvort umsóknin væri stuðull um fagleg vinnubrögð. Fannst eingöngu umsókn Melgerðismela og Rangárbakka uppfylla skilyrði auglýsingarinnar.

## Haraldur Þórarinsson, LH:

- Margt rétt í því sem Ómar talaði um. Var allt komið inn í skýrsluna hjá Mannvirkjanefnd þegar ákvörðun var tekin.
- Á LH að halda LM eða félögin. EKKI ætlun að skilja félögin eftir í sárum eða skuldum. Þarf að ræða hvernig þetta á að vera í framtíðinni.
- HEP talar um að farið hefði verið á kynningu hjá öllum umsóknaraðilum þar sem svæðin voru kynnt og farið yfir möguleikana. Þær kynningar voru mun ýtarlegri heldur en umsóknirnar sjálfar.
- Allir metnir jafnt, lásum ekki umsóknirnar um Landsmótsstaði með það að sjónarmiði að fella umsækjendur á formsatriðum.
- Allir sátu við sama borð og fengu að koma sínum svæðum á framfæri.

## Jónína Stefánsdóttir, Stígandi:

- Talar um að ekki vera farið eftir lögum og reglum LH.
- Segir að það hafi aldrei komið fram á þingi og á formannafundi að Fákur hafi sótt um.
- Finnst að Hella hafi átt að vera 2012 og Vindheimamelar 2014.
- Taka svo ákvörðun eftir það og skoða annað ef áhugi væri fyrir. Ræða það fyrst á þingi.
- Rökstyðja betur af hverju Fákur var valinn.

## Ómar Diðriksson, Geysir:

- Talar um heimsókn stjórn LH til félaganna sem sóttu um LM
- Finnst það ekki eiga að vera þannig.
- Finnst vera verið að etja saman félögunum.
- Eru ekki að meina gagnrýni sína gagnvart Fáki.
- Finnst stjórn LH eiga að sýna formönnum félaganna þá almennu kurteisi að boða til fundar áður en ákvörðunin er tekin.
- Ráðstefnan hefði einnig átt að vera fyrir ákvörðun.
- Staðfesti að það fór ekki meiri peningur í reiðhöllina heldur en til stóð. Komu 80 milljónir úr stóðhestastöðinni, þar af fóru 50.milljónir í höllina sjálfa og 30. Milljónir í svæðið.
- Rangárbakkar skulda 47 milljónir í dag.
- Um leið og ákvörðun um LM var tekin fengu þeir símtal frá viðskiptabanka sínum
- Gerir sér grein fyrir að eitt mótt bjargi ekki skuldarstöðu
- Hefði breytt samningsstöðunni við bankann ef þeir hefðu fengið mótið.
- Fullyrðir að 15 – 20 milljónir séu bein skuld vegna Landsmóts.

## Bergur Hallgrímsson, Freyfaxi:

- Skilaði inn undirskrift frá 27 félagini
- Skilur ekki hvernig er hægt að senda inn umsókn og allt er tekið gilt. Telur ef á að taka þetta alvarlega þarf að taka tillit til gildra umsókna.

[Type text]

## Haraldur Þórarinsson, LH:

- Út frá umsóknunum hefðum við átt að ganga beint til samninga við Hellu og Melgerðismela. Ekki tala við aðra.
- Það er ekki sátt um two LMstaði á meðan fleiri en eitt félag sækja um að halda mótin.
- Vegur ekki þungt að Fákur eigi 90 ára afmæli. Vegur þungt að Fákur á mjög gott svæði eins og hin félögin.
- Betri aðstaða fyrir hestana, stuttar vegalengdir að keyra, stærsta félagið innan samtakanna.
- Ríkið kom að uppbyggingunni til að við værum ekki alltaf að skattleggja okkur sjálf með háum gjöldum fyrir leigu á svæðunum.
- Menn voru sammála um að með því að fá 30 milljónir frá ríkinu og 9% fyrir svæðið ætti svæðið að standa skuldlaust.
- Kostnaðaráætlunar hafa greinilega ekki verið gerðar nógum vel.
- Guðni Ágústsson / Árni Matt gott mál að það sé þeirra skoðun að Hella sé framtíðar Landsmótsstaður.
- Það er stjórnar LH að taka ákvörðun um LM staði og Landsþings að ákveða reglurnar.
- Einstaka stjórmálamenn eða formaður félags ákveða ekki hvar Landsmót á að vera, heldur eru það samtökin í heild sem ákveða það.

## Ólafur Einarsson, Torfastöðum:

- Lýsti yfir áhyggju að það væri verið að splundra hreyfingunni. Sakaði HÞ um hroka gagnvart litlu félögunum.

## Haraldur Þórarinsson, LH:

- Sakaði ÓE um ósannindi og að ekki væri rétt eftir sér haft. Segist ekki líta litlu félögin öðrum augum en þau stóru.

## Sveinbjörn Sveinbjörnsson:

- Stóð að stofnun Landsmóts ehf. í framhaldi af því að mótin voru sett á tveggja ára fresti.
- Fór yfir ferlið og ástæður fyrir stofnun þess.
- Kom honum verulega á óvart talan sem er nefnd sem skuld Rangárbakka. Þar sem hann veit að eftir mótið 2004 var staðurinn skuldlaus.
- Skilur ekki þessa skuldastöðu miðað við það sem búið er að leggja í svæðið.

## Sigfús Helgason, LH:

- Getur ekki orða bundist yfir málflutningi ÓE. Segir þetta stílfært og tekið úr samhengi. Ómerkilegur málflutningur.

## Björn Bjarnason, Sörla:

- Talaði um ályktun þar sem þeir studdu aðferðir stjórnar við val.
- Finnst farið eftir lögum og reglum.
- Finnst eiga að fara eftir hug hestamanna sjálfra, ekki einstakra stjórnarmanna.
- Ákveða þarf fjöldann á stöðunum eftir hagkvæmnissjónarmiði.

## Ómar Diðriksson, Geysir:

- Sammála að reiðhöllin er aukaatriði, ekki verið að tala um hana.
- Talar um að fara eigi eftir reglum.
- Segir þetta vera dapurlega stöðu Rangárbakka.
- Ómar er ekki í stjórn Rangárbakka þannig að hann er ekki með tölur á hreinu.
- Standa með beint tap upp á 6-7 milljónir vegna rafmagnstengla.

## Þorgrímur, Grani:

- Finnst vera allt of mikil heift í umræðunni.
- Er ekki sammála skilgreiningu og túlkun Jónínu formanni Stíganda á undirskriftunum
- Eru ekki endilega á móti móti í Rvík
- Að hreyfingin eigi að aðstoða við að laga fjármál Rangárbakka
- Finnst einfaldlega að þingheimur eigi á Landsþingi að klára Landsmótsstaðavals umræðu í eitt skipti fyrir öll til að hægt sé að byggja upp fáa staði.

## Inga Ósk Jónsdóttir, Dreyra:

- Spyr hvernig svæði sem eru með 0 fyrir einn þátt í kvörðun svæðisins komið til greina í umræðunni.

## Guðmundur Viðarsson, Sindri:

- Finnst vanta beit eða hagagerði inn í kvörðunina hjá Mannvirkjanefnd
- Rangárbakkar mótmæltu ákveðnum hlutum í kvörðuninni
- Eru hesthús til staðar á Hellu og voru boðin fram á síðasta LM, en gengu ekki út
- Mönnunum tíðrætt um sjálfboðastarf á heimsmeistaramótum.
- Talar um að félagskerfið Landsmót ehf. er að éta upp börnin sín, drepar niður sjálfboðastarf, heldur að enginn hafi lyft fingri á síðasta LM án þess að fá greitt fyrir það

## Bergur Hallgrímsson, Freyfaxi:

- Er engu nær eftir að hafa komið á þennan fund.
- Værum ekki hér ef hefði ekki verið klaufalega að þessu staðið.
- Verðum að standa saman, hvað ætlum við að gera? Hver er leiðin til þess?
- Þurum að læra af mistökunum.

## Bjarnleifur Bjarnleifsson, Gustur:

- Pakkar fyrir fundinn.
- Finnst umræðan um Landsmót komin út í öfgar og orðin allt of heit.
- Umræðan um staði á alltaf að vera opin og vega og meta staðarval að hverju sinni
- Ekki hægt að breyta þessu nú, þing er grundvöllur til að breyta reglum um staðarval.
- Finnst alvarleg skilaboðin frá Bí, finnst við eiga að mótmæla þessum skilaboðum.

## Jónína Stefánsdóttir, Stígandi:

[Type text]

- Finnst mótin ekki eingöngu eiga að vera á Vindheimamelum.
- Segir ekkert hafa komið fram áður um aðra staði en Hellu og Vindheimamela 2012 og 2014.
- Vindheimamelar standa vel og skulda ekki þar sem allt er unnið þar í sjálfboðavinnu. Mættu margir taka þau til fyrirmynðar með það.

## Hulda Sigurðardóttir, Funi:

- Hestamannafélagið Funi, fagnar fjölgun mótsstaða.
- Samkvæmt sínum skilningi átti að fjölga svæðunum um leið og mótnum var fjölgadoð.
- Finnst það vera áhorfendavænna að hafa fleiri staði.
- Hvenær á að taka ákvörðun um Landsmót 2014?

## Ísleifur Jónasson, LH:

- Reglan um 3 og 5 ár er nýkomin. Kemur í hlut þessarar stjórnar að taka ákvarðanir um nokkur mótt.
- Höfum verið upptekin í 2012 umræðunni undanfarið og haft líttinn tíma í annað. Getum vonandi farið að snúa okkur að 2014 staðarvali.
- Á formannafundinum voru birtar þær umsóknir sem voru komnar og allir sem voru þar sáu þær. Mistök stjórnar og þeirra sem sátu á formannafundinum að hafa ekki tekið eftir formgallanum á umsóknum
- Umræðan um mótið 2012 er að taka allt of mikla kraft af mótinu 2010 og eiga menn að fara að einbeyta sér að því.
- Sættast á það sem orðið er og fara út í það að leyta sáttu við samstarfsaðilana sbr. Bí.

## Guðmundur Sveinsson, Gullhyl:

- Þakkaði góðan og gagnlegan fund.
- Þurum að vanda okkur við framhaldið
- Hvetur menn til að leggja sitt af mörkum til að finna farsæla lausn á málunum. Stjórnin ber þar mestu ábyrgð.
- Svæðið Vinheimamelar verður sett upp í sumar með svipuðum hætti og á síðsta móti
- Var farið í að leggja nýtt vatnsveitukerfi inn á svæðið
- Lagður háspennustrengur að nýju húsbílasvæði norðan við kynbótabrautina. Verða 300 tenglar þar í sumar.
- Allir vellir verða yfirkeyrðir með vikri
- Rafmagnstenglar, vatnið og vikur á vellina eru stærstu kostnaðarliðirnir hjá þeim
- Vindheimamelar eru skuldlaust svæði og er stefnan að það verði þannig áfram
- Mótin hafa heppnast hingað til vel, ekki fullkomin
- Aðstæður frá náttúrunnarhendi mjög góðar.

## Jóna Fanney Friðriksdóttir, Landsmót ehf:

- Landsmót fagnar 60 ára afmæli í dag og óskaði eftir að það yrði klappað fyrir afmælisbarninu.
- Tók undir orð GS að mótið í sumar yrði frábært mótt.
- Fellur töluverður kostnaður á árin á milli móta, verður að horfa á hann líka.
- 60 – 80 sjálfboðaliðar komnir á mótið í sumar og eru það nánast allt útlendingar.
- Búið að hanna nýtt logo
- Míla og Síminn ætla að styrkja svæðið með því að leggja ljósleiðara inn á svæðið.

## Haraldur Þórarinsson, LH:

[Type text]

- Sagði að það væri bæði gert ráð fyrir tjald- og hjólhýsastæðum á svæði Fáks á LM 2012.
- Ekki eru skipulögð tjaldstæði en nóg rými til þess.
- Sammála vangaveltum GV um sjálfboðavinnu á stórmótum.

## Jón Albert Sigurbjörnsson, varafirmaður FEIF:

- Efast um að nokkurn tíman verði sátt um Landsmót. Hvorki með þetta móti né önnur.
- Verðum að passa okkur á að skemma ekki Landsmótin.
- Var inn á þingum áður og allt logaði þá á þingum. Þá var stjórn fengið valdið og nú liggur hún undir.
- Verðum að standa saman.

## Ómar Diðriksson, Geysir:

- Fannst kynning Jónu Fanneyjar ekki eiga vera á þessum fundi.
- Kom með hugmynd að hundagæslu.
- Þakkaði fundinn, ítrekaði að hann hefði átt að vera fyrir ákvörðunartöku, en spyr hvað svo?
- Spyr um afganginn af LM?
- Hvað á að gera í sambandi við 2014?
- Lagði til að félögin 27, settust niður og ræddu hvað á að gera í framhaldinu.

## Guðmundur Steinsson:

- Er að fara beint á aðalfund Léttfeta í kvöld. Þarf að vera með svör þar.

## Hjörtur Einarsson, Neisti:

- Þakkar góðan og nokkuð málefnalegen fund.
- Segir ljóst að ákvörðun um Reykjavík hefur verið tekin. Gerir ráð fyrir að umræða um framhald Landsmóta verði tekin á þinginu á Akureyri í haust.
- Gerir fastlega ráð fyrir að einhverjur fari heim í fýlu þá eins og alltaf áður þegar umræðan um staðarval Landsmóts verður tekin og afgreidd í eitt skipti fyrir öll.

## Haraldur Þórarinsson, LH:

- Stjórn taldi ekki rétt að koma með ályktun eða tillögu inn á fundinn, áttu von á að það kæmi eitthvað frá félögunum 27 inn á fundinn og í framhaldi af því yrðu málin rædd og niðurstaða fengist.
- Kynnti það sem stjórn sér fyrir sér sem framhaldið.

## Guðmundur Viðarsson, Sindri:

- Finnst stjórnin ekki eiga að bíða endalaust eftir gögnunum frá Hjörnýju. Einnig heyrt því fleygt að stjórninni þóknist ekki niðurstaða hennar og því sé verið að þagga hana niður.
- Gerir það að tillögu sinni að fundurinn bíði eftir Landsþingi og geri breytingar þá ef menn vilja.

## Guðni Árnason, Smári:

[Type text]

- Gerði athugasemd við frétt Morgunblaðsins. Í sumum félögum var samþykkt á aðalfundi að skrifa undir. Mjög ólíkt hvort það er stjórn félags eða aðalfundur sem samþykkir mótmælin.
- Frétti af formanni LH á aðalfundi Sleipnis á dögunum þar sem hann lét mjög gróf orð falla á hendur Rangárbakka.
- Segir að umsóknir sem skilað inn var frá öðrum félögum en Gaddstaðaflötum og Melgerðismelum séu ólöglegar.

## Haraldur Þórarinsson, LH:

- Biður menn að vera ekki að hafa eftir heldur tala hreint út.
- Hann geti staðið við allt sem hann hefur sagt í gegnum tíðina og einnig á aðalfundi Sleipnis.
- Fór yfir bréf frá Hjörnýju þar sem hún fór gróflega yfir niðurstöður sínar í Mastersritgerð.
- Telur lykilatriði að fara með það hugarfar heim að láta eitthvað gott koma út úr þessm fundi.
- Vonar að það fari ekki eins og Hjörtur spáir að menn rjúki á dyr á Landsþinginu í haust ef niðurstöður eru ekki að þeirrar skapi.

Fundi slitið kl 16:15

Fundaritarar:

Oddrún Ýr Sigurðardóttir

Maríanna Gunnarsdóttir